

**Nd.**

**71. Greinargerð**

fyrir frv. til laga um heimild handa landsstjórninni til framkvæmda á rannsókn-  
um til undirbúnings virkjunar Sogsfossanna (þgskj. 44).

Sogið er minst hinna stóru orkuvatna, næst höfuðstaðnum og i námunda  
við hin mannfestu hjeruð landsins og ódýrast til virkjunar. Þegar því landið  
ræðst í að virkja fallvötn, þá er sjálfsagt að byrja á því. En rannsókn sú, sem  
hjer um ræðir, verður að fara á undan. Því er þetta frumvarp fram komið.

Bjarni Jónsson  
frá Vogu.